

**Fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
annars vegar
og
Sjúkraliðafélag Íslands
hins vegar
gera með sér svofellt
SAMKOMULAG
um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila**

Inngangur

Aðilar eru sammála um að vinna áfram með öðrum aðilum vinnumarkaðarins að sameiginlegum markmiðum, svo sem lægri verðbólgu, auknum kaupmætti og stöðugleika í íslensku efnahagslífi til lengri tíma. Þá er einnig markmið að stuðla að bættum vinnubrögðum við samningagerð meðal annars til að skapa samfellu og einfalda og samræma kjarasamninga auk þess sem lögð verði áhersla á að nýr kjarasamningur taki við af eldri samningi.

Samkomulag BSRB og fjármála- og efnahagsráðherra varðandi viðræðuáætlun og önnur atriði svo sem fyrirkomulag á 0,1% viðbótarframlagi til fræðslumála og endurskoðun lífeyrisréttinda gildir einnig um þennan samning og verður hluti hans.

**1. gr.
Gildistími**

Í ljósi mismunandi upphafstíma kjarasamninga á hinum almenna vinnumarkaði skal gildandi kjarasamningur aðila framlengjast frá 1. mars 2014 til 30. apríl 2015 með þeim breytingum og fyrirvörum sem í samningi þessum felast og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

**2. gr.
Launahækkanir**

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

1.3.2014: 2,8% sem útfært er í meðfylgjandi launatöflu samkvæmt fylgiskjali 1.

Við samþykkt kjarasamnings greiðist sérstök eingreiðsla, 14.600 kr., miðað við fullt starf hjá hverjum starfsmanni sem var við störf í febrúar 2014 og er enn í starfi 1. mars 2014. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í febrúar 2014. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausú leyfi.

1.4.2015: Eingreiðsla 20.000 kr. miðað við þá sem eru í fullu starfi í febrúar 2015. Þeir sem eru í hlutastarfi og/eða hafa starfað hluta úr mánuði skulu fá hlutfallslega greiðslu. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausú leyfi.

3. gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 73.600 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2014 39.500 kr.

4. gr.

Vaktavinna

Grein 2.6.12 skal vera svohljóðandi

2.6.12 Starfsmenn á sjúkradeildum sem vinna 8 stundir á dag en vinna ekki vaktavinnu, skulu fá greiddar 25 mínútur á hverjum vinnudegi (skylduvinna) vegna niðurfellingar á matar- og kaffitímum. Þó er þeim heimilt að neyta matar og kaffis við vinnu sína ef því verður við komið starfans vegna.

5. gr.

Fræðslumál

Greinar 10.1 breytast og verða sem hér segir:

10.1 Starfsþjálfun og námsleyfi

10.1.1 Þeir starfsmenn sem sækja fræðslu- eða þjálfunarnámskeið samkvæmt beiðni stofnunar sinnar, skulu halda reglubundnum launum á meðan og fá greiddan kostnað samkvæmt ákvæðum 5. kafla.

Sjúkraliði getur sótt í starfsmenntunarsjóð og/eða til stofnunar til að standa straum af námsskeiðskostnaði er hlýst af starfs- og símenntun sem nýtist í starfi.

10.1.2 Sjúkraliðar sem stunda viðurkennt sérnám eða sækja framhalds- eða endurmenntunarnámskeið sem nýtur viðurkenningar heilbrigðisyfirvalda og fellur að starfsþróunaráætlun stofnunar og/eða starfsmanns, haldi föstum launum með fullu vaktaálagi meðan slíkt nám varir, allt að þrem mánuðum á hverjum 5 árum. Launa- hlutfall í námsleyfi sé sem næst meðaltali launa þann tíma sem rétturinn vannst á.

Heimilt er að veita starfsmönnum sem ákvæði þetta tekur til, námsleyfi með þessum kjörum tíðar en að framan greinir en þá skemur hverju sinni þó ekki umfram 1 mánuð á hverjum 20 mánuðum enda leiði ekki af því aukinn kostnaður. Heimilt er að veita lengra leyfi sjaldnar eða allt að 6 mánuði á hverjum 10 árum. Á sama hátt er heimilt að veita 9 mánaða leyfi á hverjum 12 árum. Næstu 3 ár eftir að námsleyfi lýkur í því tilviki, ávinnst ekki réttur til námsleyfis.

10.1.3 Við veitingu á námsleyfi skv. gr. 10.1.2, skal taka til greina starfstíma hjá öðrum heilbrigðisstofnunum sem reknar eru að meirihluta til fyrir fé úr ríkissjóði eða frá Tryggingastofnun ríkisins.

10.1.4 Ef ekki eru nógu margir þátttakendur í framhaldsnámi á hefðbundnum tíma og skýringar á því liggja í synjun sjúkrastofnana á að veita leyfi til framhaldsnáms, getur stéttar-

félagið farið fram á að skoðaðar verði nánar umsóknir um leyfi til að ná fram fleiri leyfum svo að námið fari fram með tilskildum lágmarksfjölda nemenda.

6. gr.

Atkvæðagreiðsla

Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjöllum, upp til samþykktar. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir klukkan 16:00 þann 20. maí 2014 skoðast hann samþykktur.

Reykjavík, 8. maí 2014

f.h. fjármála- og efnahagsráðherra
með fyrirvara um samþykki

Guðmundur H. Guðmundsson (sign.)
Einar Njálsson (sign.)
Svava Þorkelsdóttir (sign.)
Stefanía S. Bjarnadóttir (sign.)
Oddur Gunnarsson (sign.)

f.h. Sjúkraliðafélags Íslands
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

Kristín Á. Guðmundsdóttir (sign.)
Jóna Jóhanna Sveinsdóttir (sign.)
Margrét Auður Óskarsdóttir (sign.)
Ingibjörg Friðriksdóttir (sign.)
Hulda Birna Frímansdóttir (sign.)
Birna Rut Þorbjörnsdóttir (sign.)
Kristín Ólafsdóttir (sign.)

**Bókanir með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Sjúkraliðafélags Íslands
8. maí 2014**

Bókun 1

Aðilar eru sammála um að framlengja bókanir með síðasta kjarasamningi um að framlög til fræðslusjóða verði óbreytt út komandi samningstímabil.

Bókun 2

Aðilar eru sammála um að fylgiskjal 1 með samningi aðila frá 27. júní 2011 haldi gildi sínu á samningstímanum.

Þar til niðurstöður þeirrar vinnu sem þar er lýst líta dagsins ljós eru aðilar sammála um að framlög verði óbreytt frá því sem verið hefur. Þar til munu aðilar gera ráðstafanir til að færa frá fræðslusetursframlagi, sem er á safnið fjármálaráðuneytisins skv. bókun 2 frá 2005 sbr. einnig bókun 2 frá 2008, fjárhæð til orlofssjóðs sem svarar til 7,0 milljóna tilfærslu á ári, sem verði greidd í júní 2014 fyrir árið 2014 og í febrúar 2015 fyrir árið 2015.

Bókun 3

Aðilar eru sammála um að starfsmönnum með viðeigandi háskólamenntun verði ekki gert að skipta um stéttarfélag við það eitt að ábyrgðarsviði og kröfum í starfi þeirra sé breytt þannig að gerð verði krafa um háskólamenntun í þeim störfum sem um ræðir. Óski starfsmaðurinn eftir óbreyttri stéttarfélagsaðild skal samstarfsnefnd stofnunar taka ákvörðun um röðun og röðunarforsendur starfs þannig að laun og starfskjör verði sambærileg fyrir sömu og sambærileg störf á stofnun án tillitis til stéttarfélagsaðildar.

Bókun 4

Aðilar eru sammála um að á samningstímanum verði unnið að frekari útfærslu á gerð og framkvæmd stofnanasamninga.

Í því augnamiði munu aðilar standa fyrir sameiginlegri fræðslu fyrir stjórnendur stofnana og fulltrúa stéttarféлага í samstarfsnefndum um gerð stofnanasamninga. Markmiðið er að fulltrúar beggja vegna borðsins fái sameiginlegan skilning á markmiðum og uppbyggingu samninganna. Stýrihópur skipaður fulltrúum ríkisins, stéttarféлага og fulltrúa frá Félagi forstöðumanna ríkisstofnana hefur umsjón með gerð námsskrár og skipulagningu fræðslunnar. Leitað verði eftir sem víðtækastri samvinnu um verkefnið.

Bókun 5

Fyrri bókanir samningsaðila halda gildi sínu eftir því sem við getur átt.

**Bókanir með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Sjúkraliðafélags Íslands
8. maí 2014**

Bókun 6

Aðilar stefna að því að setja upp námskeið í gerð vaktskráa sem taka mið af líkamsklukku og heilsuvernd. Enn fremur með hvaða hætti hægt sé að tryggja að tekið sé tillit til nýjustu þekkingar á áhrifum vaktavinnu á starfsmenn við skipulagningu vinnunnar.

Bókun 7

Vinnuhópur sem samningsaðilar skipi, starfi að framgangi verkefnis, sbr. bókun 7 í samningi aðila frá 27. júní 2011 sem miði að betra starfsumhverfi og betri heilsu.

Litið verði í þessu sambandi til eftirfarandi:

- 11. kafla laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum um áhættumat starfa.
- Starfsmannastefnu stofnana og áherslur um heilsuvernd og heilsueflingu starfsmanna.
- Frekari notkun létti- og lyftitækja.
- Möguleika á að sjúkraliðar stundi reglubundna líkamspjálfun skv. áætlunum, sem taki mið af því við hvaða aðstæður þeir starfa og hvernig því verði best beint til stofnana að framfylgja slíku framtaki.
- Leitað verði eftir tillögum um viðfangsefni hópsins á meðan starf hans fer fram.

Vinnu starfshópsins verði lokið fyrir lok samningstímans og munu tillögur hans eftir það verða kynntar fyrir forstöðumönnum heilbrigðisstofnana.

Aðilar skoði sameiginlega fyrir lok árs 2015 hverju tillögurnar komi til leiðar.

Bókun 8

Aðilar eru sammála um að skipulag vinnu þar sem vaktir eru mislangar, fleiri og styttri en starfshlutfall starfsmanns kveður á um þannig að hann þurfi að koma til starfa oft en einu sinni á sólarhring sé íþyngjandi fyrir viðkomandi starfsmann umfram það sem almennt gerist.

Á samningstímanum munu aðilar kanna forsendur hjá þeim stofnunum sem um ræðir og leita leiða til úrbóta og koma til móts við þá starfsmenn sem þetta snertir.

Vegna þessa verður þeim stofnunum sem um ræðir sent bréf á vormánuðum 2014 þar sem fram koma tilmæli ráðuneytisins til stofnana hvað þetta varðar.

Bókun 9

Með samkomulagi þessu er stigið skref til lagfæringar á launatöflu í átt að upphaflegri gerð hennar frá 2001. Aðilar munu á samningstímanum sameiginlega vinna áfram að því að meta með hvaða hætti mögulegt er að taka næstu skref til að lagfæra og rétta bil milli launaflokka og þrepa.

Fylgiskjal 1
með kjarasamningi
fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs
og
Sjúkraliðafélags Íslands
8. maí 2014

Eftirfarandi launatafla gildir frá 1. mars 2014

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	225.884	230.627	235.371	240.114	244.858	249.601	254.345	259.088	263.832
02	233.355	238.255	243.156	248.056	252.957	257.857	262.758	267.658	272.558
03	238.215	243.218	248.220	253.223	258.225	263.228	268.230	273.233	278.235
04	244.497	249.631	254.766	259.900	265.035	270.169	275.303	280.438	285.572
05	250.161	255.414	260.668	265.921	271.175	276.428	281.681	286.935	292.188
06	255.331	260.693	266.055	271.417	276.779	282.141	287.503	292.865	298.227
07	262.809	268.328	273.847	279.366	284.885	290.404	295.922	301.441	306.960
08	272.821	278.550	284.279	290.008	295.738	301.467	307.196	312.925	318.655
09	283.333	289.283	295.233	301.183	307.133	313.083	319.033	324.983	330.933
10	294.371	300.553	306.735	312.916	319.098	325.280	331.462	337.644	343.825
11	305.961	312.386	318.811	325.236	331.661	338.087	344.512	350.937	357.362
12	318.131	324.812	331.492	338.173	344.854	351.535	358.215	364.896	371.577
13	331.137	338.090	345.044	351.998	358.952	365.906	372.860	379.814	386.767
14	342.978	350.181	357.383	364.586	371.788	378.991	386.194	393.396	400.599
15	356.961	364.457	371.953	379.449	386.945	394.442	401.938	409.434	416.930
16	373.353	381.194	389.034	396.874	404.715	412.555	420.396	428.236	436.076
17	386.644	394.763	402.883	411.002	419.122	427.242	435.361	443.481	451.600
18	404.814	413.315	421.816	430.317	438.818	447.319	455.820	464.321	472.822
19	423.891	432.793	441.694	450.596	459.498	468.400	477.301	486.203	495.105
20	443.920	453.243	462.565	471.887	481.210	490.532	499.854	509.177	518.499
21	464.954	474.718	484.482	494.246	504.010	513.774	523.538	533.302	543.066